

**Nd.**

**400. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 50 4. júní 1924, um atvinnu við vélgæzlu á islenzkum mótorskipum.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

5. gr. laganna skal orða svo:

Sá hefir rétt til að vera 1. vélstjóri á mótorskipi með 150—250 hestafla vél, er verið hefir 2. vélstjóri við 150—250 hestafla vél í 24 mánuði, en rétt til að vera 2. vélstjóri við þá vélarstærð hefir sá einn, sem hefir verið 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél í 24 mánuði.

Þó skal vélstjóri, sem stundað hefir vélgæzlu í 36 mánuði sem 1. vélstjóri við 50—150 hestafla vél, miðað við gildistöku þessara laga, hafa rétt til að vera 1. vélstjóri við 150—250 hestafla vél.